

Sp. 561. Tillaga til þingsályktunar [164. mál]
um ríkisábyrgð á láni fyrir Hvammstangahrepp til jarðarkaupa.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs allt að 100 þúsund króna lán fyrir Hvammstangahrepp til jarðarkaupa, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

Greinargerð.

Í Hvammstangakaupúni er rekinn nokkur landbúnaður, en kaupsbúar hafa ekki varanleg umráð yfir nægilegu landi til ræktunar og beitar fyrir búpeninginn. En líkur eru til þess, að hreppurinn geti nú fengið keypta góða jörð í næsta nágrenni við kaupúnið, og ef þau kaup takast, er að verulegu leyti bætt úr landþörf hreppsþúa. Til þess að kaupin geti tekizt, þarf hreppurinn á lánsfé að halda, og er hér óskað ríkisábyrgðar, til þess að greiða fyrir útvegum á láni.

Tillagan er flutt samkvæmt ósk oddvitans í Hvammstangahreppi.